

Minnisblað starfsmanna (innra vinnuskjal)

Móttakandi: Bæjarráð

Varðandi: Alþingi

1202016

Dags.: 20. febrúar 2012

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (uppboð
aflaheimilda), 202. mál

Afrit: x

Alþingi
Erindi nr. P 140/1198
komudagur 28.2.2012

Umsögn bæjarráðs Grindavíkur

Með frumvarpinu er stefnt að því að hvert sveitarfélag fái forræði yfir veiðum á samsvarandi hluta nytjastofna á Íslandsmiðum og nemur samanlagðri aflahlutdeild þeirra fiskiskipa sem skráð voru í sveitarfélaginu fyrir gildistöku laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990. Auk þess miðar frumvarpið að aðskilnaði veiða og vinnslu. Í töflu sem fylgir frumvarpinu er gert ráð fyrir því að aflaheimildir í Grindavík í þorskígildistönnum skerðist um u.þ.b. 35%.

Sjávarútvegsfyrirtækin í Grindavík skapa um 1.000 bein störf við veiðar og vinnslu á Íslandi, sem eru álíka mörg störf og eru í áliðnaði á Íslandi. Varlega áætlað hleypur fjöldi afleiddra starfa sem sjávarútvegur í Grindavík skapar á fleiri hundruðum.

Bæjarráð Grindavíkur sér ekki hvaða sanngirni er falin í því að setja stöðu þessara fyrirtækja og þeirra starfsmanna sem hjá þeim starfa í fullkomið uppnám eins og lagt er til í frumvarpinu.

Sjávarútvegsfyrirtæki í Grindavík hafa alla tíð starfað eftir þeim lögum sem Alþingi hefur sett. Í samræmi við þær reglur hafa fyrirtækin fjárfest í aflaheimildum, bæði til að vinna á móti þeim skerðingum sem verið hafa og til að auka veiðar og vinnslu fyrirtækjanna. Fyrirtækin hafa lagt sig fram um það að stýra veiðum sínum og vinnslu til að hámarka verðmæti afurðanna. Skil milli veiða og vinnslu mun skapa hvata til þess að útgerðarmenn veiði sem mest á sem skemmstum tíma og leiðir til þess að birgðasöfnun verði í fiskvinnslum eða að afurðirnar fari á markað þegar verð er lágt. Skil milli veiða og vinnslu mun gera fátt annað en eyðileggja það góða markaðsstarf sem unnið hefur verið á erlendri grundu þannig að Ísland tapi því samkeppnisforskoti sem náðst hefur á aðra framleiðendur. Það er að mati bæjarráðs lítil sanngirni fólgin í því að refsa þeim fyrirtækjum og sveitarfélögum sem hafa starfað eftir þeim lögum og reglum sem löggjafinn og ríkisvaldið hafa sett.

Skerðing á aflaheimildum um 35% myndi hafa gríðarleg áhrif á samfélagið í Grindavík og fækka störfum um hundruði með tilheyrandi áhrifum á samfélagsgerð og tekjur sveitarfélagsins.

Grindavíkurhöfn er ein umsvifamesta fiskihöfn landsins, en á árinu 2010 var landað um 35.000 þorskígildistönnum í Grindavík. Dragist landaður afli saman um 4.000 þorskígildstonn mun það leiða til tekjutaps upp á um 20 milljónir á ári. Afkoma hafnarinnar er mjög slæm fyrir þar sem tekjur hrundu við það að fiskimjolsverksmiðjan brann fyrir fáeinum árum og var ekki endurreist. Grindvíkingar

fóru ekki fram á sérmeðferð eftir það reiðarslag, heldur börðust áfram í öðrum greinum sjávarútvegs eins og þeir hafa alltaf gert og vilja fá að gera í friði.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar leggur til að frumvarpið verði dregið til baka og reynt verði að ná sátt um íslenskan sjávarútveg með reglum sem hafi það að markmiði að þær styrki greinina í heild sinni og skapi hvata til þess að hámarka verðmæti, draga úr framleiðslukostnaði og auka þar með arðsemi og tekjur þjóðarbúsins.

Virðingarfyllst,
Róbert Ragnarsson
bæjarstjóri